

*Þetta skjal var upphaflega skrifað á þýsku. Íslenska þýðingin er ætluð fyrir gagnsæi og upplýsingar. Ef einhver munur er á milli þýska textans og íslensku þýðingarinnar, skal þýski textinn gilda.
Dieses Dokument wurde in deutscher Sprache verfasst. Die isländische Übersetzung dient der Transparenz und Information. Bei Abweichungen zwischen dem deutschen und dem isländischen Text ist der deutsche Text maßgebend.*

VPV Lebensversicherungs-AG, Mittlerer Pfad 19, 70499 Stuttgart, Germany
Skjöl

VPV Future Pension

Lykilupplýsingaskjal

Tilboð sem innifelur útreikningsdæmi og upplýsingar um sjálfbærni

Skilmálar og neytandaupplýsingar fyrir Future Pension frá VPV

Lebensversicherungs-AG

Upplýsingaskjal um öryggiseignir (Sicherungsvermögen)

Vertragsdaten

VPV Future Pension er einingatengd lífeyrstrygging.

Iðgjaldsskrá (HV)	FP1
Kyn hins vátryggða	KK/KVK
Fæðingardagur hins vátryggða	XX.XX.XXXX
Upphafsdagur tryggingar	XX.XX.XXXX
Samþykktur upphafsdagur lífeyrisgreiðslna	XX.XX.XXXX
Greiðsluháttur lífeyris	mánaðarlega
Tryggt tímabil lífeyris	x ár
Lengd söfnunartíma fram að samþykktum upphafsdegi lífeyrisgreiðslna	x ár og y mánuðir]
Tímalengd kalltímabils frá samþykktum upphafsdegi lífeyrisgreiðslna	x ár
Iðgjaldsgreiðslutímabil	x ár & y mánuðir
Greiðsluháttur iðgjaldsgreiðslna	mánaðarlega

Iðgjaldsgreiðsla þín

Mánaðarlegt iðgjald **x,xx €**

Réttindi þín

Tryggð réttindi:

Tryggður árlegur lífeyrir per € 10,000 samningseignar á samþykktum upphafsdegi lífeyris **x,xx €**

Hugsanleg heildarréttindi á samþykktum upphafsdegi lífeyris (eftir frádrátt kostnaðar *):

Árleg ávöxtun sjóða (fyrir frádrátt kostnaðar) samsvarar	Heildarsamningseign	Árlegur lífeyrir
x ,xx %	x €	x €
x.xx %	x €	x €
x.xx %	x €	x €
x.xx %	x €	x €

*) Öll talnagildi sem hér eru sett fram eru ekki tryggð og eru sett fram í dæmaskyni. Til viðbótar við forsendur um ávöxtun ofangreindra sjóða, var gefin sú forsenda að núverandi hagnaðarhlutdeild yrðu óbreytt yfir allan samningstímamann. Grundvöllurinn fyrir útreikning á ofangreindum lífeyrisgreiðslum eru núgildandi reikniformúlur (þá sérstaklega vextir og dánarlíkur). Kostnaður (þá sérstaklega sjóðakostnaður) hefur þegar verið dregin frá hugsanlegum heildarréttindum (samningseign og árlegur lífeyrir) sem sýndur er hér. Við vísum vinsamlega til „Útskýringa á ágóðahlutdeild“ sem og upplýsinga í „Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi“, þar sem þú getur fundið nánari upplýsingar á framreikning.

- Réttindi þegar kemur að upphafi lífeyrisgreiðslna:
Þegar kemur að upphafi lífeyrisgreiðslna verður samningseign notuð til þess að mynda hefðbundin lífeyri með tryggðu tímabili eða borguð út í eingreiðslu. Við samþykkt upphaf lífeyrisgreiðslna ábyrgjumst við að minnsta kosti árlegan lífeyri sem nemur € x.xx fyrir hverjar € 10,000 í samningseign. Vinsamlega athugaðu að eingöngu er hægt að velja reglulegan lífeyri ef að árlegur lífeyrir nær € 300 að teknu tilliti til áunninnar ávöxtunar.
- Réttindi í tilfalli andláts:

Ef að hinn vátryggði deyr áður en kemur að samþykktum upphafsdegi lífeyris, er samningseign greidd út.

Ef að hinn vátryggði deyr eftir að lífeyirsgreiðslur hefjast og á tryggða lífeyristímabilinu munum við greiða út núvirði þeirra greiðslna sem eftir myndu standa á tryggða lífeyristímabilinu ef að andlátíð hefði ekki átt sér stað.

Breyting á upphafi lífeyrisgreiðslna (fram í tímann eða á meðan kalltíma stendur) getur minnkað eða aukið ofangreindar tryggðar árlegar lífeyrisgreiðslur. Söfnunartími breytist samsvarandi. Kalltími er tímabilið milli samþykks upphafs lífeyrisgreiðslna og fyrsta þess mánaðar eftir 85 ára afmæli hins vátryggða.

Mikilvægar upplýsingar um fjárfestingaráhættu einingategdrar lífeyristryggingar

Verðsveiflur á verðbréfamörkuðum hefur áhrif á samningseign VPV Future Pension samnings þíns. Greiðslur úr samningnum, hvort sem er lífeyrisgreiðslur eða eingreiðsla, eru háðar fjárfestingarárangri undirliggjandi verðbréfasjóða.

Við getum því ekki ábyrgst að heildar iðgjaldsgreiðslur verði að öllu leyti greiddar til baka þegar kemur að samningslokum. Ef að verðmæti verðbréfasjóða eykst hefur þú tækifæri til að ná fram hækkun samningseignar. Ef að verðmæti verðbréfasjóða fellur berð þú áhættuna á því að samningsverð lækki eða jafnvel hverfi. Val á sjóðakröfu hefur afgerandi áhrif á fjárfestingarárangur samningseignar. Almenna reglan er sú að því meiri möguleiki á hærri ávöxtun, því hærri áhætta er á tapi. Í tilfelli eigna sem bundnar eru öðrum gjaldmiðlum en Evrum, getur virði fjárfestingar verið háð sveiflum í gengi gjaldmiðla.

Hin hugsanlegu réttindi sem fjallað er um í kaflanum “Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi eru í grundvallaratriðum háð samningseign á þeim tíma sem réttindin eru innleyst og geta því ekki verið tryggð fram í tímann vegna óvissu um fjárfestingarárangur verðbréfasjóða.

Val verðbréfasjóða

Sjóðaval á söfnunartíma:

Sjóðakarfa:

[Basket_name]

Í valinni sjóðakröfu er iðgjaldi þínu dreift, að frádregnum samningskostnaði, á eftirfarandi máta::

Nafn sjóðs	ISIN	Framlag af heildariðgjald i
[Fund name long]	[ISIN]	x %
...

Sjóðakarfan og samsetning hennar er endurskoðuð reglulega og stillt af eftir þörfum. Vegna þess getur framlagi verið dreift öðruvísi. Þú getur óskað upplýsinga um gildandi samsetningu sjóðakröfu þinnar hvenær sem er.

Hér að neðan getur þú séð nánari upplýsingar um þá verðbréfasjóði sem eru undirliggjand VPV Future Pension samning þínum.

Nafn verðbréfasjóðs:	XX
ISIN:	XX
Sjóðsstýringarfyrirtæki:	XX
Gjaldmiðill sjóðs:	XX
Tegund sjóðs:	XX
Áhersla fjárfestinga:	XX
Ráðstöfun tekna:	XX

[next selected fund]

[next selected fund...]

Sjóðstýringarfyrirtæki taka til sín kostnað vegna sjóðastýringar. Að því marki sem við fáum hluta slíks sjóðstýringargjalds greiddan til baka, endurgreiðum við þér slíkt að fullu sem sjóðsbundna ágóðahlutdeild. Virkur sjóðstýringarkostnaður þinn verður því lægri sem því nemur.

Grundvöllurinn að sjóðstýringarkostnaði er viðvarandi gjald. Þessi lykiltala er endurreiknuð af sjóðstýringarfyrirtækjum með reglulegu millibili og innifelur kostnaðinn á sjóðsstigi. Kostnaðurinn er tekin af þeim fjármunum sem eru í stýringu á hverjum tíma hjá sjóðstýringarfyrirtækjunum. Sjóðakostnaður og sjóðsbundin ágóðahlutdeild getur breyst á líftíma samningsins.

F Nafn sjóðs	Árlegar hlutfallstölur í % af heildareign viðkomandi sjóðs *)		
	Sjóðsstýringargjald	Ágóðahlutdeild sjóðs	Endanlegur sjóðskostnaður
X	x,xxx %	x,xxx %	x,xxx %
X	x,xxx %	x,xxx %	x,xxx %
X	x,xxx %	x,xxx %	x,xxx %
X	x,xxx %	x,xxx %	x,xxx %

*) Allar ofangreindar tölur eru án ábyrgðar. Uppgefin hagnaðarhlutdeild (hagnaðarhlutdeild sjóðs) er byggð á ágóðahlutdeild sem er uppgefin fyrir árið 2023. Sjóðstýringargjöld eru byggð á gjaldsskrám í júlí 2022.

Fjárfestingarmarkmið og fjárfestingarstefna sem og áhætta sem fylgir fjárfestingum í ofangreindum verðbréfasjóðum eru tiltekin í sölugögnum viðkomandi sjóðsstýringarfyrirtækja. Ábyrgðin á að fjárfestingarstefnu og mörkum hennar sé framfylgt hvílir á viðkomandi sjóðsstýringarfyrirtæki. Þær reglur sem og frekari upplýsingar um verðbréfasjóðina má finna á veffanginu www.vpv.de/fondsliste.

Sá hluti iðgjalda þinna sem ekki er ráðstafað í kostnað vegna samningsgerðar og umsýslukostnað er laus til fjárfestingar í verðbréfasjóðum.

Meiri upplýsingar er að finna í almennum tryggingarskilmálum Future Pension.

Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi (útreikningur í dæmaskyni)

1. Söfnunartími:

Til þess að gefa þér hugmynd um hvernig VPV Future Pension lífeyristrygging gæti þróast fram að samþykktum upphafsdegi lífeyris höfum við gert reiknilíkan í dæmaskyni hér að neðan. Réttindi sem eru sýnd eru alfarið ímynduð.

Reiknilíkanið framreiknar í dæmaskyni framtíðarþróun á lífeyristryggingu þinni fram að upphafi lífeyristöku þann xx.xx.xxxx

Í útreikningnum sýnum við þér dæmi um hugsanlega þróun á heildarréttindum lífeyristryggingar þinnar sem eru byggðar á ólíkum forsendum á ávöxtun verðbréfasjóða.

Í útreikningnum er byggt á núgildandi yfirlýsingu um ágóðahlutdeild. Það er gert ráð fyrir að ágóðahlutdeild haldist óbreytt út allan samningstímann.

Sjóðstjórnunarkostnaður sjóða hjá sjóðsstýringarfyrirtækjum hefur ekki verið reiknaður frá áætluðum fjárfestingarárangri sjóðanna. Samningskostnaður (þar með talið sjóðstýringargjald) hefur verið

dregin frá þeim tölugildum sem sýna áunnin hugsanleg réttindi. Það er gert ráð fyrir að samningskostnaður verði óbreyttur út samningstímann.

Mörkin í reiknilíkaninu á fjárfestingarárangri verðbréfasjóðanna (fyrir frádrátt samningskostnaðar) milli $x.xx\%$ og $x.xx\%$ merkir ekki að fjárfestingarárangur verði í reynd innan þeirra marka. Raunverulegur fjárfestingarárangur sjóða getur orðið hærri eða lægri en tiltekið er innan markanna. Ágóðahlutdeild og sjóðsstjórnunarkostnaður getur líka breyst á samningstímanum. Ágóðahlutdeild og sjóðsstýringarkostnaður getur líka breyst á samningstímanum. Þar af leiðandi geta raunveruleg réttindi úr samningnum orðið hærri eða lægri en tiltekið er í dæmaskyninu. Ekki er hægt að gefa út bindandi yfirlýsingu hver réttindi þín verða þegar kemur að innlausn þeirra.

Eftirtalin tölugildi eru byggð á að umsamin iðgjöld hafi verið greidd eins og samningurinn gerir ráð fyrir.

a) Tryggð réttindi

Tryggðar greiðslur við samþykktan upphafsdag samnings er €0. Áður en lífeyrisgreiðslur hefjast eru tryggðar dánarbætur einnig €0.

Ef þú segir upp VPV Future Pension greiðum við endurkaupsvirðið að frádrögnum uppsagnarkostnaði. Það er byggt á virði samningseigna á uppsagnardegi. Þar sem ómögulegt er að spá fyrir um fjárfestingarárangur sjóða er ekki hægt að ábyrgjast endurkaupsvirðið að frádrögnum uppsagnargjaldi. Tryggingin er því €0.

b) Hugsanleg réttindi

Í eftirfarandi tveimur töflum sýnum við dæmi um hver heildarréttindi þín gætu orðið með þeirri forsendu að ávöxtun sjóða verði stöðug eins og sýnd er og að ágóðahlutdeild verði óbreytt frá núverandi yfirlýsingu okkar um ágóðahlutdeild.

Dagsetning	Hugsanlegar dánarbætur í in € (eftir frádrátt kostnaðar) með miðað við stöðugan fjárfestingarárangur sjóða (fyrir frádrátt kostnaðar) nemi:			
	$x.xx\%$	$x.xx\%$	$x.xx\%$	$x.xx\%$
XX.XX.XXXX	X	X	X	X
XX.XX.XXXX	X	X	X	X
XX.XX.XXXX	X	X	X	X
...
XX.XX.XXXX	X	X	X	X
XX.XX.XXXX				

Dagsetning	Uppsagnargjald í €	Hugsanleg heildarréttindi við uppsögn samnings (eftir frádrátt uppsagnarkostnaðar) í € (eftir frádrátt kostnaðar) miðað við stöðugan fjárfestingarárangur sjóða (fyrir frádrátt kostnaðar) nemi:			
		$x.xx\%$	$x.xx\%$	$x.xx\%$	$x.xx\%$
XX.XX.XXXX	X,XX	X	X	X	X
XX.XX.XXXX	X,XX	X	X	X	X
XX.XX.XXXX	X,XX	X	X	X	X
...

Sýnidæmi um framhald lífeyrisgreiðslna fram yfir ofangreindan tíma er sleppt. Vinsamlega athugið að lífeyrir er aðeins greiddur ef að árlegum lífeyri sem nemur a.m.k. € 300 er náð að teknu tilliti til áunnins fjárfestingarárangurs. Ef því er ekki náð er samningseign greidd út í einu lagi.

Þú getur séð nánari upplýsingar hvernig lífeyrisgreiðslurnar myndast í kaflanum “Hvaða réttindi veitum við?” í almennum tryggingarskilmála fyrir Future Pension.

Veitt réttindi í tilfalli samnings í iðgjaldafrí

Þú getur fengið undanþágu frá því að greiða samningsiðgjöld. Í því tilviki verður samningseign notuð fyrir iðgjaldsfrjálsa tryggingu. Ef að samningurinn er áfram iðgjaldsfrjálur er uppsagnarkostnaður € 0. Réttindi samnings sem er án skyldu til til greiðslu iðgjalds fara eftir þróun verðbréfamarkaða og eru ekki tryggð hvað varðar fjárhæðir. Tryggð réttindi eru því 0 €.

Þú getur séð nánari upplýsingar um iðgjaldafrí í tryggingarskilmála.

Veitt réttindi í tilfalli uppsagnar

Þú getur sagt upp samning þínum **fram að töku lífeyris** í samræmi við tryggingarskilmála. Í því tilfalli greiðum við út samningseignina að frádregnu uppsagnargjaldi. Samningseignin (fyrir frádrátt uppsagnargjalds) er reiknuð sem samtíma inneign tryggingarsamningsins í samræmi við 4. mgr. 169 gr. þýsku laganna um váttryggingarsamninga (VVG). Frá þessari samningseign (fyrir frádrátt uppsagnargjalds) dregst uppsagnarkostnaður skv. 5. mgr. 169. gr. VVG. Samningseign fer eftir þróun á verðbréfamörkuðum og er ekki tryggð. Tryggð réttindi eru því € 0.

Við höfum sýnt þér dæmi um hugsanleg áunnin réttindi í tilfalli uppsagnar samnings í kaflanum “Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi í hluta 1, söfnunartími. Uppsagnargjald er einnig tilgreint þar.

Þú getur séð nánari upplýsingar um uppsögn samnings í almennum tryggingarskilmálum Future Pension.

Nokkrir punktar til skýringar um þáttöku í ágóðahlutdeild

Ágóðahlutdeild

Þróunin á sjóðseign þinni er afgerandi fyrir heildarréttindi þín úr samningnum þegar lífeyristaka hefst. Til viðbótar því færð þú og aðrir tryggingartakar hlutdeild í ágóðahlutdeild í samræmi við gr. 153 í VVG. Hún er ákvörðuð mánaðarlega. Hluti af ágóðahlutdeild getur verið veitt sem lokaágóðahlutdeild. Þú getur séð nánari upplýsingar um ágóðahlutdeild í almennum tryggingarskilmálum Future Pension (undir “Hvernig er ágóðahlutdeild greidd?”)

Við getum eingöngu kynnt ágóðahlutdeild í framtíðinni á óbindandi máta. Eftir því sem tími líður verður erfiðara að áætla áunna ágóðahlutdeild þar sem hún fer eftir nokkrum þáttum s.s. inneign sjóða sem þú fjárfestir í, fjárfestingarárangri og kostnaði.

Úthlutun ágóðahlutdeildar

Megnið af þeirri ágóðahlutdeild sem við myndum er til hagsbóta fyrir tryggingartaka okkar. Lagareglan í 140. gr. þýsku váttryggingasamningalaganna tryggir að tryggingartakar fái viðeigandi hluta af ágóðahlutdeild.

Tryggingartökum er skipt í hópa til samræmis við fjárfestingaráhættu og váttryggingaráhættu þeirra. Úthlutun ágóðahlutdeildar fer eftir því marki sem einstakir viðskiptavinahópar hafa lagt til ágóðans með viðskiptum sínum.

Viðvarandi ágóðahlutdeild er greidd út hlutfallslega í hverjum mánuði á söfnunartímanum og er fjárfest fyrir þig. Þannig verður hún hluti af samningseign. Í upphafi lífeyristöku er fjárhæð lífeyris ákvörðuð út frá samningseign. Þegar lífeyrisgreiðslur hefjast er fjárfest í öryggiseignum. Þetta þýðir að ágóðahlutdeild heldur áfram að myndast á lífeyristíma. Í kaflanum "Tryggð réttindi og hugsanleg réttindi" er yfirlýst ágóðahlutdeild fyrir árið 2023 notuð í dæmaskyni fyrir ágóðahlutdeild í framtíðinni. Hún er notuð í útreikning fyrir hugsanleg framtíðarréttindi.

Meðan á lífeyrisgreiðslum stendur er ágóðahlutdeild (eftir frádrátt kostnaðar) notuð til að hækka samtíma lífeyrisgreiðslur.

Hlutdeild í virðismismunarsjóð

Við ráðstöfum til þín hlutdeild í virðismismunarsjóð fjárfestinga okkar í samræmi við orsakareglu, þ.e. til þeirra samninga sem mynduðu virðismismunarsjóðinn. Ráðstöfuð hlutdeild byggir á aldri samnings þíns og þróun á verðbréfamörkuðum.

Þar sem fjárfestingar VPV Future Pension eru eingöngu gerðar í verðbréfasjóðum áður en lífeyristaka hefst og ekki í öryggiseignum okkar þá myndast ekki virðismismunarsjóður á því tímabili.

Þegar lífeyrisgreiðslur hafa hafist er virðismunarsjóður reiknaður árlega og einu ári eftir að lífeyrisgreiðslur hefjast er hlutdeild úr honum ráðstafað til þíns samnings og notuð til að auka lífeyri þinn varanlega.

Upplýsingar um sjálfbærni samkvæmt Upplýsingareglugerð (Disclosure) EU 2019/2088 og Flokkunarreglugerð (Taxonomy) EU 2020/852

Á meðan samningstíma stendur eru fjármunir samnings þíns fjárfestir í breytilegum hlutföllum, annarsvegar í verðbréfasjóðum með eða án sjálfbærnieinkenna og hinsvegar í öryggiseignum VPV.

Hér getur þú lesið upplýsingar um sjálfbærni og þá sérstaklega hvort og hvernig sjálfbærniáhætta sé tekin með í reikning, og hvort og hvernig fjárfestingin stuðli að umhverfislegum eða félagslegum þáttum eða stefnir að sjálfbærum fjárfestingum.

Sjálfbærni snýr ekki bara að umhverfisþáttum. Félagslegir þættir og góðir stjórnarhættir eru jafn mikilvægir. Í hnotskurn, þættir sem stuðla að þróun sjálfbærni eru sérstaklega taldir vera eftirfarandi:

- Umhverfisleg sjónarmið (Umhverfismál)
- Félagsleg og vinnuréttarleg sjónarmið (Félags- og velferðarmál)
- Virðing fyrir mannréttindum (Félags- og velferðarmál)
- Barátta gegn spilling og mútum (Stjórnarhættir eða stjórnarhættir fyrirtækja).

Til þessara þátta er líka vísað til sem ESG (Environmental, Social, Governance) sjónarmiða.

Hvað varðar VPV þá er tillit til sjálfbærniáhættu grundvallarsjónarmið í vöruþróun og fjárfestingum. VPV setur þá áhættu í fyrirrúm varðandi þróun á fjárfestingarstefnu sinni.

Sjálfbærniáhættur

Með sjálfbærniáhættum í fjárfestingum meinum við umhverfisleg- félagsleg eða stjórnunarleg (ESG) atvik eða aðstöðu sem getur hugsanlega leitt til verulegra neikvæðra afleiðinga fyrir fjárfestinguna ef raungerast.

Sjálfbærniáhrif

Sjálfbærniáhættur geta haft neikvæð áhrif á árangur. Við íhugum helstu sjálfbærniáhrif í fjárfestingarákvörðunum okkar. Það krefst ígrundunar á umhverfislegum, félagslegum og vinnuréttarlegum þáttum, virðingu fyrir mannréttindum og baráttu gegn spillingu og mútum.

Upplýsingar um mikilvægustu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti eru veittar í ársreikning okkar.

Upplýsingar um umhverfisáhrif sjálfbærra fjárfestinga

ESB flokkunarreglugerðin (EU Taxonomy Regulation) skilgreinir á staðlaðan máta umhverfislega sjálfbæra starfsemi sem þá starfsemi sem stuðlar verulega að minnsta kosti einum af umhverfislegum markmiðum ESB (mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og – eftirlit, og verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa)). Ennfremur þá má starfsemin ekki stuðla að neinum verulegum neikvæðum áhrifum á umhverfisleg markmið (meginreglan: "að forðast veruleg skaðleg áhrif") og eiga sér stað í samræmi við skilgreind lágmarksviðmið umhverfisverndar.

Sýna skal fram á lágmarkshlutdeild umhverfislega sjálfbærra fjárfestinga samkvæmt flokkunarreglugerðinni sem og lágmarkshlutdeild í sjálfbærum fjárfestingum samkvæmt upplýsingareglugerðinni innan fjárfestingar vörunnar. Þetta fer eftir upplýsingagjöf fyrirtækjanna sem við fjárfestum í. Ef fyrirtækin upplýsa ekki um umhverfisáhrif sín ekki getum við ekki veitt upplýsingar um þetta. Að því marki sem upplýsingar eru veittar um lágmarkshlutdeild í sjálfbærum fjárfestingum í samræmi við upplýsingareglugerðina og um lágmarkshlutdeild í umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum í samræmi við flokkunarreglugerðina er engin trygging fyrir því að farið verði að þeim á fjárfestingartímanum.

Meginreglan um "að forðast veruleg skaðleg áhrif" skal aðeins gilda um þær fjárfestingar sem liggja til grundvallar fjármálaafurðinni og taka tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra efnahagsstarfsemi. Fjárfestingarnar sem liggja að baki eftirstandandi hluta þessarar fjármálaafurðar taka ekki tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra efnahagsstarfsemi.

Þessi fjármálaafurð auglýsir umhverfislega eða félagslega eiginleika. Þessir umhverfislegu og félagslegu eiginleikar eru aðeins uppfylltir ef fjármálaafurðin fjárfestir í a.m.k. einum af skráðu sjálfbæru sjóðunum og a.m.k. einum þessara sjálfbæru sjóða er haldið á öllu tímabilinu. Frekari upplýsingar um umhverfisleg og/eða félagsleg einkenni má finna í gegnum tenglana sem tilteknir eru fyrir sjóðina sem taldir eru upp hér að neðan. Þar finnur þú einnig upplýsingarnar sem krafist er í flokkunarreglugerð ESB.

Nánari upplýsingar um sjálfbærni og umfjöllun um sjálfbærniáhættur og neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti við fjárfestingarákvarðanir VPV má finna á heimasíðu VPV á www.vpv.de/nachhaltigkeit.

Öryggiseignir:

Öryggiseignir eru stærsti hluti fjárfestinga VPV. Umhverfislegir og félagslegir þættir eru teknir með í reikning og fylgst með þeim í samræmi við áætlun VPV um sjálfbærar fjárfestingar þegar fjárfest er í öryggiseignum. Þegar um er að ræða nýjar fjárfestingar tryggjum við að þær uppfylli sjálfbærni viðmið okkar. Við hönnum ákvarðanatökferli um fjárfestingar þannig að sjálfbærniáhætta sé hluti af fjárfestingarákvörðunum og tókum einnig tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni. Við tókum einnig samfélagslega ábyrgð fyrirtækja mjög alvarlega. Við mat og endurskoðun á viðmiðum um sjálfbærni reiðum við okkur á sjálfbærnimatsfyrirtækið ISS ESG. Með þessum stuðningi getum við greint umhverfis-, loftslags-, og félagslegar áhættur og slæma stjórnarhætti. Við byggjum fjárfestingarákvarðanir okkar á þessum niðurstöðum og takmörkum sjálfbærniáhættu í fjárfestingum okkar með skýrum viðmiðum og undanþágum.

Nánari upplýsingar um öryggiseignirnar og sjálfbærni þeirra er að finna á meðfylgjandi upplýsingablaði og á www.vpv.de/sicherungsvermoegen. Á upplýsingablaðinu er því lýst hvaða vistfræðilegu eða félagslegu þátta er tekið tillit til og að hvaða sjálfbæru fjárfestingum er stefnt. Þar er einnig að finna upplýsingar um notkun vísitölu og reikniaðferð hennar, um lágmarkshlutdeild í sjálfbærum fjárfestingum samkvæmt upplýsingareglugerðinni, lágmarkshlutdeild í umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum samkvæmt flokkunarreglugerðinni og að hvaða marki er tekið tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti. Ársreikningur okkar skal einnig innihalda upplýsingar um hvort farið sé að umhverfislegum eða félagslegum eiginleikum og helstu skaðlegu áhrifum á sjálfbærniþætti.

Verðbréfasjóðir:

Mismunandi verðbréfasjóðir geta verið notaðir innan þessarar vöru. Þeir fylgja sjálfstæðum aðferðafræðum og fjárfestingarstefnum sem geta, sem dæmi, fjárfest í algengum markaðsvisitölum eða einstökum verðbréfum.

Sjálfbærni tekur einnig á sig margar mögulegar myndir og svið, t.d. vistfræðilega, félagslega eða siðferðilega þætti. Það er því ekki til nein ein sjálfbærnistefna. Þannig geta mismunandi sjóðir einnig fylgt mismunandi sjálfbærnistefnum eða forgangsraðað.

Við vinnum með faglegum þjónustuaðila við stýringu verðbréfasjóðii okkar. Sértek viðmið VPV, sem fela einnig í sér viðmið um sjálfbærni, eru höfð til hliðsjónar við ákvörðun um fjárfestingar í sjóði.

Í öllum sjálfbærum sjóðum er tekið tillit til umhverfislegra og/eða félagslegra viðmiða eða að fjárfest er í sjálfbærum fjárfestingum og ábyrgum stjórnarháttum fylgt í samræmi við okkar eigin UFS-leiðbeiningar með mismunandi þema- og fjárfestingaráherslur. Þú berð sjálfbærniáhættuna sem fylgir sjóðunum eða fjárfestingarstefnu þeirra sem hluta af fjárfestingaráhættunni. Með mikilli dreifingu fjárfestinga er sjálfbærniáhætta og áhrif hennar á ávöxtun lágmarkuð auk annarrar áhættu.

Hver sjóður er fjármálaafurð í sjálfu sér. Viðkomandi rekstrarfélag sjóðsins ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum og þar með einnig á innleiðingu sjálfbærniáhættu. Mat á áhrifum þessarar áhættu á ávöxtunina er framkvæmt af viðkomandi rekstrarfélagi.

Ítarlegri upplýsingar um sértæka sjálfbærnistefnu, umfjöllun um markvissar sjálfbærar fjárfestingar eða umfjöllun um umhverfis- og/eða félagslega þætti sem og sjálfbærniáhættu í viðkomandi sjóðum eru gefnar út af sjóðsstýringarfyrirtækjunum og má skoða á vefsíðum þeirra. Á heimasíðu okkar www.vpv.de/fondsliste er að finna yfirlit yfir sjóðina með nánari tenglum á útgáfur þeirra (sölubæklingar, upplýsingar um sjálfbærni, ársskýrsla)

Í yfirliti sjóðanna er flokkun samkvæmt upplýsingareglugerðinni talin upp. Einnig er að finna nánari upplýsingar um lágmarkshlutdeild í sjálfbærum fjárfestingum samkvæmt upplýsingareglugerðinni, lágmarkshlutdeild í umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum samkvæmt flokkunarreglugerðinni og hvort tekið sé tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti.

Innan ramma VPV Future Pension eru fjárfestingar nú gerðar í neðangreindum sjóðum. Úthlutunin getur breyst frá mánuði til mánaðar og fer eftir árangri einstakra fjárfestinga.

Það getur gerst að stundum séu alls engar fjárfestingar í sjálfbærum sjóðum. Þetta á einkum við á úttektartímabili lífeyris. Þar eru samningseignirnar eingöngu fjárfestar í öryggiseignum.

Nafn sjóðs	ISIN	Flokkun skv. upplýsinga reglugerð	Valin úthlutun	Lágmarks-hlutfall sjálfbærra fjárfestinga	Lágmarks-hlutfall umhverfis-legra sjálfbærra fjárfestinga	Mat á neikvæðum áhrifum á sjálfbærni
BNP Paribas Easy ECPI-Circular Economy Leaders UCITS ETF	LU1953136527	Gr. x	x %	x.xx %	x.xx %	Já/Nei
ishares MSCI Europe SRI UCITS ETF EUR (Acc)	IE00B52VJ196	Gr.. x	x %	x.xx %	x.xx %	Já/Nei

Xtrackers II Eurozone Government Bond 5 - 7 ETF 1C	LU0290357176	Gr. x	x %	x.xx %	x.xx %	Já/Nei
-----------------------------------------------------------	--------------	-------	-----	--------	--------	--------

Nánari upplýsingar um einstaka sjóði má finna á vefslóðinni www.vpv.de/fondsliste.

VPV Future Pension hefur nú x valfrjálsa sjóði fyrir upphaf lífeyristöku. V af þessum valfrjálsu sjóðum eru x flokkaðir skv. 8. gr. upplýsingareglugerðar (x.xx%) og x skv. 9. gr. (x.xx %). Varan felur ekki í sér neina fjárfestingarkosti með sjálfbærum fjárfestingum sem eru ekki fjármálaafurðir í skilningi 12. gr. upplýsingareglugerðarinnar.

Kostnaður

Það er kostnaður í tengslum við samning þinn. Hann er innifalin í umsömdu iðgjaldi þínu eða er tekin af samningseigninni. Þeir verða ekki gjaldfærðir fyrir þig sérstaklega. Fjárhæð reiknaðs stofn- og sölukostnaðar ásamt öðrum kostnaði er sýnd hér að neðan:

Stofn- og sölukostnaður samtals € x.xx.

Annar kostnaður að fjárhæð x,xx € á ári. Þessi annar kostnaður er umsýslukostnaður.

Þessi annar árlegur kostnaður, sem tilgreindur er hér að ofan, fellur til á iðgjaldsgreiðslutímabilinu x ár (og y mánuðir). Árlegt iðgjald er x, xx €

Á iðgjaldsgreiðslutímabilinu x ár (og y mánuðir) fellur til frekari viðvarandi umsýslukostnaður á samningseignina. Þetta nemur 0,45 % af samningsstöðu á mánuði. Til dæmis er þetta 0,45 € fyrir samningseign upp á € 1,000.

Til viðbótar við kostnaðinn sem tilgreindur er hér að ofan dregur kostnaður sem stafar af fjárfestingu í sjóðum, svo sem viðskiptakostnaður, einnig úr hugsanlegri ávöxtun samnings þíns. Við sýnum áhrif framangreindra kostnaðarliða með því að reikna virkan kostnað, sem sýnir árlega meðaltalslækkun á fjárfestingarárangri samnings þíns.

Við útreikning á virkum kostnaði er gert ráð fyrir föstu árlegu greiddu iðgjaldi samningsins að fjárhæð x.xx % (áður en kostnaður er dreginn frá). Í því sambandi tókum við tillit til þeirra sjóða sem þú hefur valið. Miðað við þessa forsendu nemur frádráttur í samningi þínum vegna kostnaðar (virks kostnaðar) x.xx % árlega fram að umsömdu upphafi lífeyristöku.

Vísað er til umfjöllunar um kostnað og virkan kostnað fram að þessu, til samningsins með umsaminni iðgjaldagreiðslu. Ef um er að ræða síðari breytingar (t.d. breytingar á iðgjöldum og frestun á upphafi lífeyris meðan á kalltímabili stendur) getur kostnaðurinn hækkað eða lækkað. Upplýsingar um fjárhæð sjóðastýringarkostnaðar sem tekið er tillit til er að finna í kaflanum "Þitt sjóðaval". Vinsamlegast athugið að raunkostnaður, og þar með virkur kostnaður vegna samningsins, getur þróast með mismunandi hætti á samningstímanum, t.d. ef kostnaðurinn, sem stofnað er til vegna fjárfestingar, breytist eða ef fjárfestingarárangur verður annar.

Þegar um er að ræða klassískan lífeyri með tryggðum lífeyri og þegar um er að ræða tímabundin lífeyri er stofnað til frekari stjórnsýslukostnaðar sem nemur 1,50% af heildarlífeyri meðan á lífeyrisgreiðslum stendur. Til dæmis er þetta € 1,50 fyrir mánaðarlegan lífeyri upp á € 100. Við innheimtum viðbótarumsýslukostnað sem nemur 0,10% af tryggingafræðilegum varasjóði árlega á þessu tímabili. Þetta er 0,10 € fyrir € 100 í tryggingafræðilegum varasjóði.

Við innheimtum gjöld fyrir ákveðnar vinnslur. Þau ná yfir meðaltal af vinnslumagni á hverjum tíma og geta því breyst í framtíðinni. Að beiðni þinni munum við upplýsa þig um núverandi vinnslugjöld.

Þetta skjal var upphaflega skrifað á þýsku. Íslenska þýðingin er ætluð fyrir gagnsæi og upplýsingar. Ef einhver munur er á milli þýska textans og íslensku þýðingarinnar, skal þýski textinn gilda.

Dieses Dokument wurde in deutscher Sprache verfasst. Die isländische Übersetzung dient der Transparenz und Information. Bei Abweichungen zwischen dem deutschen und dem isländischen Text ist der deutsche Text maßgebend.

Núgildandi upphæðir eru taldar upp í töflu hér að neðan. Hins vegar, vegna viðskiptavildar, innheimtum við ekki sum gjöldin eins og er.

Vinnsla	Fjárhæð	Álagt núna?
Útgáfa aukaskírteinis fyrir tryggingarsamninginn	20 €	Nei
Greiðsluáskorun vegna ógreidds iðgjalds	3 €	Já
Skuldfærsla beingreiðsu	3 € auk kostnaðar sem innheimtur er til okkar frá þriðja aðila	Nei
Skráning samningsbreytinga sem þurfa samþykki okkar	20 €	Nei
Leit að heimilisfangi	5 € auk kostnaðar sem innheimtur er til okkar frá þriðja aðila	Nei
Uppskipting samnings vegna skiptingar lífeyrisréttinda	200 €	Já

Þú getur fundið frekari upplýsingar um kostnað í almennum samningsskilmála Future Pension í kaflanum "Hvernig er kostnaður við samning þinn fjármagnaður?" og "Hvaða kostnað getum við innheimt sérstaklega?".

Upplýsingar um gildandi skattareglur

Greiðslur frá lífeyrstryggingu njóta skattalegra forréttinda að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Til dæmis er lífeyrir frá virkri lífeyrstryggingu aðeins skattlagður eins og „aðrar tekjur“ í hlutdeild fjárfestingartekna (§ 22 EStG).

Bæði tryggðar og hugsanlegar lífeyrisgreiðslur sem taldar eru upp í þessu skjali taka ekki tillit til skattfrádráttar sem kann að verða til. Vinsamlegast skoðuðu meðfylgjandi skattaupplýsingar til að fá frekari upplýsingar um gildandi skattareglur.

Tilgangur þessa tilboðs er að upplýsa þig um viðkomandi tryggingavernd. Þú finnur nánari upplýsingar um tryggingar þínar í tryggingaskilmálum samnings þíns og öðrum tilboðsskjölum hans.

Tilboðið er með fyrirvara um breytingar. Við áskiljum okkur rétt til að gera breytingar á iðgjöldum í millitíðinni þar til samningur er gerður.

Þetta skjal var upphaflega skrifað á þýsku. Íslenska þýðingin er ætluð fyrir gagnsæi og upplýsingar. Ef einhver munur er á milli þýska textans og íslensku þýðingarinnar, skal þýski textinn gilda.

Dieses Dokument wurde in deutscher Sprache verfasst. Die isländische Übersetzung dient der Transparenz und Information. Bei Abweichungen zwischen dem deutschen und dem isländischen Text ist der deutsche Text maßgebend.

Yfirlit yfir skilmála og neytendaupplýsingar sem eiga við um tilboð þitt

Eftirfarandi skilyrði og ákvæði úr skilmálabæklingnum "Forsendur og neytendaupplýsingar fyrir framtíðarlífeyri VPV Lebensversicherungs-AG" eiga við um þetta tilboð:

Iðgjaldsskrá: FP X

- Almennir tryggingarskilmálar Future Pension
- Skattaupplýsingar (fyrir Future Pension)
- Almennar neytendaupplýsingar (fyrir Future Pension)
- Viðbótarsamkomulag (fyrir Future Pension)